

Febrúar 1998

Café Menning
Pizza Menning
Gisti Menning
Sport Menning



Sveinn Brynjólfsson



Björgvin Björgvinsson

Styrkur til dalvískra afreksmanna

Þeir Sveinn Brynjólfsson og Björgvin Björgvinsson eru fulltrúar Dalvíkinga á Ólympíuleikum og Heimsmeistaramóti unglunga sem hefjast um miðjan febrúar. Að taka þátt í svona stórmótum er kostnaðarsamt og bera keppendur mikinn

hluta kostnaðar sjálfir. Café Menning hefur ákveðið að 200 kr. af hverri seldri pizzu í febrúar á Pizza Menningu renni til styrktar þeim Sveini og Björgvini sem eru fulltrúar okkar á þessum stórmótum. Í bígerð er að halda styrktarkvöld og

bjóða uppá ýmis skemmtiatriði og rennur allur ágóði til styrktar þessu málefni. Vonumst við til að önnur fyrirtæki á staðnum sjái sér fært að styrkja þessa ungu afreksmenn og þetta verði þeim hvatning til enn frekari dáða í brekkunum!



Áfram Dalvík



“Hundur í óskilum”

(Hvað er nú það?)

Já, það er von að þú spyrjir! Hundur í óskilum er nafn á tríói sem farið hefur sigurför um allt Norðurland. Þetta tríó reis upp úr rústum tveggja annara tríóa sem tröllriðu Norðlendingum með spilamennsku sinni undanfarin misseri. Það voru tríóin “Börn hins látna” og “Valva og drengirnir”.

Meðlimir tríóanna eru þau sömu, enda fannst þeim heillavænlegra að skipta um nöfn frekar en að skipta um meðlimi. Þetta

fyrirverandi bensíntittur, *the ultimate bass player* og eigandi húsbíls að nafni Sigurður, Guðríður Valva Gísladóttir klinikdama hjá ákveðnum tannlækni

Hjörleifur Hjartarsson frá Tjörn grunnskólakennari, ritstjóri, ljósmyndari, leikari, söngvari, strengjasargari, eigandi Subaru station bifreiðar og guð má vita hvað!

Þau sýna nú á sér nýja hlið og troða uppá sviðinu á Café Menningu 19. febrúar n.k. með nýtt efni sem æft hefur verið gríðarlega mikið fyrir þetta kvöld og víst er að gestir Café Menningar þetta kvöld fara ekki ósnortnir heim.

eru þau; Eiríkur G. Stephensen skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar,

hér í bæ, áhugamanneskja um grófa brandara, alltmugligkona, rörspilari o.fl. og



Fimmtudagur 19. febrúar kl: 21.30

Café Menning s: 466-1213 Gisti Menning s: 466-3351-2
Pizza Menning s: 466-3350 Sport Menning s: 466-3350

Heimsendingarsími: 466-3350